

FUNDARGERÐ

157. stjórnarfundur KRAFT

157. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 25. október 2023, kl. 20.00 á Google Teams.

Fundarmenn : Hinrik, Aron Ingi, Auðunn, Kristleifur, María, Lára og Laufey
Fjarverandi: Þórunn Brynja
Fundarritari : Laufey
Liður 8 í fundargerð – fundarritari : Hinrik

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. ÍM ÖLDUNGA OG UNGLINGA

LFK var mótshaldari en létu KRAFT og mótanefnd vita að þau hefðu misst húsnæðið sem ætlað var fyrir mótið með skömmum fyrirvara og hefði ekki tekist að útvega annað. Eftir skoðun málsins með LFK og með samþykki mótanefndar og stjórnar KRAFT var ákveðið að Kraftlyftingafélag Akraness verði nýr mótshaldari.

3. FORMANNAFUNDUR

Stjórn ákvað að formannafundur verður haldinn laugardaginn 25. nóvember. Auglýsingu verður komið í loftið. Fundarboð með nánari upplýsingum og staðsetningu verður sent tveimur vikum fyrir fund.

4. VINNUFUNDUR

Stjórn KRAFT ætlar að halda vinnufund. Yfirfara lög, reglur, afreksstefnu og hverju þarf að breyta með hliðsjón af drögum að nýrri reglugerð um Afrekssjóð. Einnig verður farið yfir heimasíðu KRAFT. Stjórn samþykkti að vinnufundur verður í framhaldi af formannafundi 25. nóvember, beint eftir fund og/eða daginn eftir (26. nóvember).

5. EM UNGLINGA Í KLASSÍK

Auðunn og Lára sögðu frá ferðinni sem gekk mjög vel. Upphaflega voru sjö á lista en endaði með þremur keppendum; Gabríel, Kolbrún og Pedro. Árangur flottur yfir heildina. Góður andi í hópnum og allir til fyrirmyndar.

6. RIG

Skipuleggjendur RIG eru í startholunum. Stjórn KRAFT þarf að ákveða fyrirkomulag keppinnar. Almennt er stjórn spennt fyrir breyttu fyrirkomulagi og hafa landskeppni milli Norðurlandanna. Frá hverju landi kæmu 2 keppendur, kk og kvk sem mynda eitt lið. Viðmið við val eru VE-lágmark.

7. FJÖLMIÐLAUMFJÖLLUN

Umræða um fjölmiðlaumfjöllun bæði innan KRAFT og vöntun á henni utan KRAFT (Rúv og aðrir miðlar). KRAFT hefur bætt sig en alltaf má gera betur. Umræða varð á fundinum um samfélagsmiðla og hvernig má vera meira lifandi á þeim vettvangi. Stjórn varð sammála um að finna öflugra sjálboðaliða (1-3) sem mynda teymi, geta skipt á milli sín mótum eða verið saman. Það er staðreynd að það væri eflaust gott fyrir KRAFT að fá aðila af yngstu /yngri kynslóðinni til að sinna samfélagsmiðlum. Stjórnarmenn þreifa fyrir sér í kringum sín félög.

8. BIKARMÓTIÐ – ATVIK VARÐANDI METASKÍFUR

Í 1. holti á bikarmóti KRAFT sl. sunnudag 22. október kom upp atvik þar sem í ljós kom að metaskífur með 0,25 kg þyngd voru ekki til staðar þegar hlaða átti stöng eftir að einn keppanda hafði beðið um þyngd sem var tilraun til Íslandsmets. Í kjölfar mótsins sendu þeir dómara sem dæmdu holið skriflega tilkynningu til stjórnar um málið í samræmi við 24. gr. reglugerðar KRAFT um kraftlyftingakeppni (mótareglur). Í tilkynningunni segir:

Á bikarmótinu 22. október sl. kom upp sú staða þegar keppandi í 1. holti (kvennaflokki) bað um þyngd í síðustu tilraun sinni í réttstöðulyftu sem var tilraun til Íslandsmets að metaskífur að þyngd 0,25 kg voru ekki til staðar. Aðrar metaskífur voru til staðar og var keppanda boðið að breyta þyngd af þessum sökum. Keppandi kaus að halda sig við tilkynnta þyngd og gerði þá mótshaldari þær ráðstafanir að sóttar voru 0,25 kg metaskífur eins fljótt og auðið var. Átti umræddur keppandi sem gerði tilraun til Íslandsmets og einn keppandi í viðbót í því holti eftir að taka sínar lyftur.

Eftir nokkurt hlé gat keppandinn sem átti að eiga síðustu lyftu í hollinu tekið sína lyftu en sá keppandi keppti í klassískum kraftlyftingum en hinn fyrri í kraftlyftingum með búnaði. Eftir að 0,25 kg metaskífur voru fengnar var keppni haldið áfram og lauk þá keppandinn sem gerði tilraun við Íslandsmet sinni lyftu. Af þessum sökum tafðist keppni í hollinu í u.þ.b. 50 mínútur. Næsta holl á eftir tafðist af þessum sökum um 30 mínútur og var það tilkynnt í hátalarakerfi um leið og fyrir lá hversu löng töfin yrði. Dómarar á staðnum útskýrðu stöðuna fyrir keppendum og voru keppendur og þjálfarar beðnir afsökunar á þeim mistökum sem þarna áttu sér stað.

Við nánari skoðun kom í ljós að mótshaldari hafði fyrir mótið útvegað metaskífur en fyrir mistök voru tvö sett af 0,5 kg metaskífum en engar 0,25 kg metaskífur í stað þess að til staðar væru eitt sett af hvorri þyngd. Í upphafi keppni höfðu dómara gengið úr skugga um að metaskífur væru til staðar en ekki gætt nægilega að því að kanna til hlítar þyngd einstakra skífa.

Erindi barst KRAFT frá félagi þess keppanda sem bað um viðkomandi þyngd á stöngina í umrætt sinn þar sem gerðar eru athugasemdir vegna málsins.

Málið var tekið fyrir á fundi stjórnar 25. október 2023. Þar sem svo háttáði að dómara í umrætt sinn, Laufey, María og Þórunn eru einnig stjórnarmenn í KRAFT tóku þær ekki þátt í umræðum eða afgreiðslu málsins. Laufey og María véku af fundi en Þórunn var ekki á fundinum.

Að mati stjórnar liggja málsatvik nægilega skýr fyrir til að hægt sé að taka afstöðu til málsins. Það er niðurstaða stjórnar að mótshaldara hafi orðið á þau mistök að gæta ekki nægilega vel að því að allar viðeigandi metaskífur væru til staðar sbr. 22 gr. mótareglna sem segir að mótshaldari skuli leggja til og setja upp keppnisaðstöðu. Dómara virðast svo hafa staðfest í upphafi móts að metaskífur væru til staðar en ekki gætt nægilega vel að því að tryggja að allar viðeigandi skífur væru þar á meðal sbr. 24 gr. mótareglna. Er það mat stjórnar að um mannleg mistök sé að ræða bæði af hálfu mótshaldara og dómara eins og að framan er lýst. Um leið og mistökin uppgötvuðust

er það mat stjórnar að gripið hafi verið til eðlilegra ráðstafana af hálfu mótshaldara og dómara til að bæta úr þannig að hægt væri að halda mótinu áfram.

Stjórn KRAFT harmar atvikið og mun brýna fyrir mótshöldurum og dómurum að gæta vel að þessum atriðum í framtíðinni til að komið verði í veg fyrir atvik sem þetta endurtaki sig. Málinu telst þar með lokið af hálfu stjórnar KRAFT. Fyrir hönd KRAFT, mótshaldara og dómara, biður stjórn KRAFT þá keppendur afsökunar sem urðu fyrir áhrifum af þessu atviki.

Verður tilkynning um málið og lýktir þess birt á heimasíðu KRAFT og svar sama efnis sent því félagi sem sendi erindi vegna atviksins.

Stjórn samþykkti að skrifstofa KRAFT kaupi tvö sett af metaskífum og hafi eitt sett í tölvupakkanum sem fer á milli móta (Róbert Kjara ábyrgur fyrir tölvupakkanum) en aukasett til vara verður geymt á skrifstofu KRAFT.

9. ÖNNUR MÁL

-

10. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

11. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.15